



Aðalfundur

Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni
fimmtudaginn 18. febrúar 2016 kl. 15.30 í Ásgarði Stangarhyl

D A G S K R Á:

1. **Fundarsetning**, formaður setti fundinn.
2. **Kosning fundarstjóra og fundarritara**,
Bryndís Hagan var kosin fundarstjóri og Matthildur Guðmundsdóttir fundarritari.
3. **Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2015**
- Þórunn Sveinbjörnsdóttir formaður FEB
4. **Endurskoðaðir og áritaðir ársreikningar félagsins fyrir árið 2016 og fjárhagsáætlun fyrir árið 2016**
- Birna Bjarnadóttir gjaldkeri FEB
5. **Umræður um skýrslu stjórnar, ársreikninga og fjárhagsáætlun**
Jón Jónsson og Pétur Maack lýstu ánægju sinni með hagnað og góða stjórn félagsins.
Haukur Ingibergsson flutti kveðju frá LEB og gat þess að áratugur væri síðan félagi í FEB hefði verið formaður í LEB. Hann undirstrikaði samvinnu FEB og LEB varðandi kjaramál og þakkaði Þórunni Sveinbjörnsdóttur fyrir að vekja athygli á kjörum kvenna og þeirra sem verst eru settir.
Ársreikningarnir voru bornir upp og samþykktir.
6. **Lagabreytingar**
Gunnar Eydal lögfræðingur kynnti tillögur laganefndar að lagabreytingum .
Hinrik Bjarnason gerði athugasemdir við orðalag nokkurra greina.
Samþykkt var að bera allar tillögurnar upp í einu lagi með breytingum Hinriks.
Lögin voru samþykkt með breytingatillögunum.

7. Kosning stjórnarmanna

Formaður Þórunn Sveinbjörnsdóttir var sjálfkjörin til tveggja ára árið 2015 í stjórn sitja nú auk Þórunnar, Brynjólfur I. Sigurðsson, Ellert B. Schram og Erna Indriðadóttir sem kosin voru síðast til tveggja ára.

Varamenn í stjórninni sem kosnir voru til tveggja ára síðast eru Anna Þrúður Þorkeldsdóttir og Reynir Vilhjálmsson . Eftirtalin framboð hafa komið til stjórnar félagsins.

Tillögur uppstillinganefndar:

Til stjórnar:

Guðrún Árnadóttir

Helgi Pétursson

Hrafn Magnússon núverandi stjórnarmaður.

Til varastjórnar

Ragnhildur G. Guðmundsdóttir núverandi varamaður.

Jafnframt gaf Ólafur Örn Ingólfsson kost á sér til setu í stjórn FEB.

5 nöfn voru á atkvæðaseðli en merkja skyldi við fjögur nöfn.

Kosning fór þannig:

Guðrún Árnadóttir	hlaut	80 atkv.
Helgi Pétursson		83 atkv.
Hrafn Magnússon		82 atkv.
Ólafur Örn Ingólfsson		54 atkv.
Ragnhildur G. Guðmundsd.		69 atkv. til eins árs

8. Kosning tveggja skoðunarmanna ársreikninga og eins til vara

Skoðunarmenn voru endurkjörnir:

Kristinn Zimsen, Ólafur Granz og varamaður Jón Freyr Þórarinsson

9. Afgreiðsla tillagna og erinda sem lögð eru fyrir fundinn

Tvær tillögur komu fram.

1. Frá kjaranefnd

2. Um byggingu í Árskógum.

1. Björgvin Guðmundsson flutti skýrslu um störf kjaranefndar 2015 – 2016 og bar upp tillögur kjaranefndar FEB.

Engar athugasemdir komu fram og tillögurnar samþykktar.

2. Þórunn Sveinbjörnsdóttir kynnti stöðu mála varðandi byggingu í Árskógum.

Búið er að draga upp útlit húsanna með allt að 50 íbúðum.

Aðalfundur felur stjórn FEB og bygginganefnd FEB að taka allar ákvarðanir vegna framkvæmda, fjármögnun og sölu á fyrirhuguðum íbúðum að Árskógum 1 – 3

10. Tekin ákvörðun um árgjald 2016, Birna Bjarnadóttir lagði til fyrir hönd stjórnar að árgjaldið verði óbreytt frá árinu 2015 kr. 4000.- og var það samþykkt.

11. Önnur mál.

1. Heiðursfélagar. Björgvin Guðmundsson og Unnar Stefánsson voru kjörnir heiðursfélagar FEB . Þórunn formaður þakkaði þeim vel unnin störf í þágu félagsins og voru þeim færð blóm og heiðursskjöl.

2. Helgi Pétursson kynnti sjálfskipaðan kjaramálahóp sem nefnir sig “Gráa herinn” Í hópnum voru á fundinum auk Helga, Erna Indriðadóttir og Ásdís Skúladóttir þau ætla að hlusta á jafnaldra og aðra yngri félaga í 60+ og komast inn á samfélagsmiðla með sín áhersluatriði. Öllum er heimil þátttaka í hópnum.
3. Jón Jónsson vakti athygli á að til væri í gögnum FEB hverjir hefðu stofnað “Hollvínahóp “ og hvert hlutverk hópsins hefði verið og einnig taldi hann að leikfélagið Snúður og Snælda ættu einhverja fjármuni inni hjá félaginu.
4. Þórunn formaður þakkaði fráfarandi stjórnarkonum Esther Friðbjófsdóttur og Birnu Bjarnadóttur vel unnin störf í þágu félagsins og voru þeim færð blóm.

12. Fundarslit

Matthildur G. Guðmundsdóttir fundarritari.